

AUGLÝSING

um deiliskipulagsbreytingu í Sveitarfélaginu Ölfusi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss þann 25. júní 2020, breytingu á deiliskipulagi fyrir Kambastaði í Ölfusi. Deiliskipulagssvæðið tekur til íbúðarhúss, gestahúss, bílskúrs og skemmu.

Breyting deiliskipulagsins felur í sér breytingar á texta í skilmálum í kafla 4.2 Byggingar og 4.4 Veitur. Um er að ræða breytta skilmála fyrir byggingarreiti B1 og B2 og hækkun á mænishæð íbúðarhúss í reit B2. Einnig viðbætur um öflun slökkvivatns í kafla 4.4. Veitur.

Breytingin tekur einungis til greinargerðar deiliskipulagsins. Deiliskipulagsuppráttur skipulagsins breytist ekki.

Deiliskipulag þetta hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Þorlákshöfn, 8. september 2020.

Gunnlaugur Jónasson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 22. september 2020